



STARFSLÝSING

Sviðsstjóri veitusviðs Fjarðabyggðar

Yfirmaður
Bæjarstjóri

Meginviðfangsefni

- Sviðsstjóri veitusviðs Fjarðabyggðar hefur með höndum undirbúning stefnumótunar í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið, stýrir rekstri starfseminnar með áherslu á forystu á sviðum veitna bæjarins, hvort sem um er að ræða starfsemi á eigin vegum eða á grunni útboða eða þjónustusamninga við birgja.
- Sviðsstjóri veitusviðs hefur frumkvæði í stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun, þróunarstarfi og greiningu upplýsinga varðandi veitur sveitarfélagsins og rekstur þeirra.
- Sviðsstjóri veitusviðs vinnur, í samvinnu við aðra stjórnendur Fjarðabyggðar, að kaupum á tækni- og verktakaþjónustu þ.m.t. útboðum vegna hönnunar, viðhalds og nýframkvæmda og annast gerð verksamninga þegar viðkomandi þættir varða starfsemi veitna. Náð samstarf skal vera við sviðsstjóra framkvæmda og umhverfissviðs sveitarfélagsins er varðar útboð og innkaup sviðsins.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á stjórnun og starfsemi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitum Fjarðabyggðar.
- Ábyrgð á gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana fyrir starfsemi allra veitna hjá Fjarðabyggð.
- Ábyrgð á öllum tæknimálum veitna.
- Ábyrgð á viðhaldi og framkvæmdum vegna allra að- og fráveitumála í Fjarðabyggð.
- Ábyrgð á að stuðla að skilvirkum og góðum faglegum samskiptum þeirra starfsmanna sem falla undir hans fagsvið. Tilgangur þess er að efla samstarf milli starfsmanna Fjarðabyggðar og stuðla að hagkvæmni í rekstri og góðri þjónustu.
- Hefur, eftir því sem tilefni er til, frumkvæði að nýjungum í starfsháttum hjá þeim starfsmönnum sem undir hann heyra. Jafnframt skal hann vinna að stefnumarkandi tillögum á þeim fagsviðum sem undir hann heyra.
- Sér um að upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun í rekstri sé sem greiðust og nýtist heildarhagsmunum Fjarðabyggðar sem best.
- Ábyrgð á gæðastjórnun og vinnur að samræmingu og gerð gæða- og eftirlitskerfa veitna.
- Leiðir faglegan þátt við undirbúning stefnumótunar og vinnur að framtíðarþróun á starfsemi veitna Fjarðabyggðar.
- Hefur reglulegt eftirlit með framkvæmd þeirra áætlana sem unnið er að á hverjum tíma og sinnir samningagerð og leyfismálum vegna veitna.



- Hefur eftirlit með öllum veituframkvæmdum innan sveitarfélagsins.
- Vinnur að skilgreiningu verkefna og hefur aðkomu að gerð útboðsgagna og á samskipti við hönnuði og aðra aðila utan bæjarins sem eiga samskipti við Fjarðabyggð vegna veitna.
- Sinnir kostnaðareftirliti.
- Ræður starfsmenn veitna í samræmi við veittar stöðuheimildir, sé ekki á annan veg mælt fyrir um það hjá Fjarðabyggð. Sama gildir um lausráðna starfsmenn.
- sér til þess að viðhaldi innviða bæjarins á sviði að- og fráveitukerfa sé sinnt á fullnægjandi hátt.
- Ábyrgð gagnvart bæjarstjóra á öllum stjórnunaraðgerðum og tekur ákvarðanir í samræmi við það.

Aðrir þættir verkswiðs

- Æskilegt er að sviðsstjóri veitusviðs hafi grundvallar þekking á samsetningu raforkuvinnslubúnaðar í virkjanir og skipulagi raforkudreifingar.
- Kemur að hönnunar-, skipulags- og stjórnunarstarfi á sviði raforkutækni.
- Þróar og útfærir aðra veitustarfsemi Fjarðabyggðar.
- Gerir eða lætur vinna teikningar og verklýsingar vegna framkvæmda.
- Gangsetur búnað til að aðlaga hann aðstæðum og lagfærir galla og stjórnar viðhaldi og rekstri búnaðarins.
- Framkvæmir hagkvæmnisathuganir og áætlanir og annast eftirlit og úttektir á verkum.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd

- Veitir eigna, skipulags- og umhverfisnefnd sérfræðilega ráðgjöf á sviði veitumála og ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd stefnumörkunar nefnda hvað varðar málefni veitna í Fjarðabyggð.
- Undirbúningur og frágangur fundafna nefndarinnar er snúa að veitumálum ásamt ábyrgð á að mál séu vel undirbúin með skriflegum tillögum og greinargóðum gögnum.
- Ábyrgð á að hlutaðeigandi sé kynnt afgreiðsla erinda til nefndarinnar og á kynningu mála á heimasíðu, sé tilefni til.
- Ábyrgð á að fyrirspurnir og erindi til nefndarinnar fari í réttan farveg og eftirfylgni með að þau hljóti tilhlýðilega afgreiðslu.

Stjórnsýsla

- Umsjón með að samþykktir, áætlanir og verklagsreglur í málum veitusviðs séu í réttu horfi og í samræmi við áherslur bæjaryfirvalda.
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna um lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli varðandi störf og verkefni veitusviðs.



Fjármál

- Umsjón og eftirlit með þróun og gerð árangursmælikvarða og starfs-og fjárhagsáætlunar vegna verkefna sem veitusvið ber ábyrgð á.
- Ábyrgð á að útgjöld veitusviðs séu innan fjárheimilda og tillögugerð um umbætur á starfsemi og hagræðingu í rekstri, eftir því sem færi gefst á.
- Eftirlit með verkefnum veitusviðs í Fjarðabyggð og árangri af þeim.
- Söfnun og greining upplýsinga um kostnað og árangur af verkefnum sviðsins.
- Samanburður við önnur sveitarfélög um rekstur og framkvæmdir sem heyra undir sviðið.

Starfsmenn

- Ráðning undirmanna, frágangur ráðningarsamninga og starfslýsinga í samráði við bæjarritara.
- Forgangsörðun og samræming verkefna og úthlutun þeirra til undirmanna.
- Leiðsögn og ráðgjöf til undirmanna.
- Umsjón og eftirlit með að undirmenn búi yfir og viðhaldi faglegri þekkingu sem nauðsynleg er til að sinna verkefnum.
- Ábyrgð á reglulegum fundum með starfsmönnum á sviðinu.

Teymisvinna

- Stjórnun funda með undirmönnum sem vinna á sviðinu.
- Þátttaka í starfi sviðsins.
- Þátttaka í stjórnendafundum og ábyrgð á að leggja mál frá sviðinu fyrir til kynningar.

Samskipti

- Við starfsmenn á sviðinu innan stjórnsýslu sem utan.
- Við stjórnendur málaflokka hjá Fjarðabyggð vegna notkunar þeirra á veitum bæjarins.
- Sviðsstjóri veitusviðs leitar í starfi sínu við að hafa sem best samstarf við alla þá innan og utan Fjarðabyggðar sem hann þarf að hafa samskipti við starfs síns vegna með heildarhagsmunum sveitarfélagsins að leiðarljósi.
- Helstu stofnanir sem sviðsstjóri veitusviðs hefur tengsl við eru Heilbrigðisstofnun Austurlands, verkfræðistofur, Mannvirkjastofnun, RARIK, Orkustofnun, Landsvirkjun og Skipulagsstofnun.
- Sviðsstjóri veitusviðs er bundinn þagnarskyldu um hvaðeina, sem hann verður áskynja um í starfi sínu og varðar rekstur veitna Fjarðabyggðar. Gildir sá trúnaður jafnt þótt hann hætti störfum hjá Fjarðabyggð.

Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem bæjarstjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði skilyrði.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er kostur.
- Þekking og/eða reynsla af áætlanagerð og gæðamálum er kostur.
- Þekking og reynsla af veitumálum er kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur.
- Þekking og reynsla af samningagerð er kostur.
- Þekking og reynsla af starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Æskilegt er að viðkomandi fullnægi hæfniskröfum til ábyrgðarmanna raforkuvirkja sbr. 4. gr. reglugerðar um raforkuvirki

Fjarðabyggð xxxxxxxx 2017

Páll Bj. Guðmundsson bæjarstjóri